

Aðalfundur Nova Klúbbsins hf. 26. mars 2026

Stjórn Nova Klúbbsins hf. boðar til aðalfundar sem haldinn verður fimmtudaginn 26. mars 2026, klukkan 16:00, að Lágmúla 9, 108 Reykjavík, 4. hæð. Fundurinn verður einnig haldinn með rafrænum hætti og verða nánari upplýsingar um rafræna þátttöku hluthafa aðgengilegar á vef félagsins <https://www.nova.is/fjarfestar>.

Tillaga stjórnar að dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur þess á liðnu starfsári
3. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar
4. Tillaga stjórnar um ráðstöfun hagnaðar
5. Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár með ógildingu eigin hluta og samsvararandi breytingu á samþykktum félagsins
6. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins
7. Tillaga stjórnar um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna í endurskoðunarnefnd, starfskjaranefnd og tilnefningarnefnd
8. Stjórnarkjör
9. Tillaga stjórnar um starfsreglur tilnefningarnefndar
10. Kjör tilnefningarnefndarmanna
11. Tilnefning utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd
12. Tillaga stjórnar um kjör endurskoðenda
13. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum, sbr. 55. gr. hlutafélagalaga
14. Önnur mál löglega fram borin

Aðrar upplýsingar:

Öll skjöl og tillögur sem lagðar verða fyrir aðalfundinn verður að finna á vef félagsins <https://www.nova.is/fjarfestar>. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku.

Hluthafar geta látið umboðsmann sækja aðalfundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð til staðfestingar umboði sínu. Umboðum skal skila við skráningu á fundinn. Umboðseyðublöð má nálgast í skráningarferlinu við rafræna skráningu á fundinn og á vef félagsins.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, eru hvattir til að skrá sig á <https://www.lumiconnect.com/events/novaagm2026> fyrir **kl. 16:00 þann 25. mars**, eða degi fyrir fundardag. Skráningu á fundinn þarf að fylgja afrit af skilríkjum og umboð, ef við á.

Hægt verður að greiða atkvæði á fundinum með rafrænum hætti og eru nánari upplýsingar um skráningu, rafræna þátttöku og rafræna atkvæðagreiðslu aðgengilegar á vef félagsins.

Eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn þarf beiðni hluthafa um að kjósa með skriflegum hætti að berast félaginu.

Hluthafar eiga rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef þeir gera um það skriflega eða rafræna kröfu. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá hluthafafundarins skal slík beiðni hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið fjarfestar@nova.is eigi síðar en 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16, mánudaginn 16. mars 2026.

Tilnefningarnefnd félagsins hefur lokið störfum og samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu nefndarinnar gerir hún tillögu um að sitjandi stjórnarmenn, þau Hrund Rudolfsdóttir, Jóhannes Þorsteinsson, Jón Óttar Birgisson, Sigríður Olgeirsdóttir og Steinunn Hlíf Sigurðardóttir, verði kjörin til áframhaldandi setu í stjórn félagsins. Skýrsla tilnefningarnefndar er aðgengileg á vef félagsins <https://www.nova.is/fjarfestar>.

Tilkynna skal um framboð til stjórnar með minnst fimm sólarhringa fyrirvara fyrir upphaf aðalfundar, eða fyrir kl. 16, laugardaginn 21. mars 2026. Framboðum skal skila á skrifstofu Nova að Lágmúla 9, Reykjavík, eða á netfangið fjarfestar@nova.is. Framboðum til tilnefningarnefndar skal skilað með sama hætti innan sama frests. Framboðseyðublöð má nálgast á vef félagsins <https://www.nova.is/fjarfestar>.

Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar og í tilnefningarnefnd verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn.

Fundargögn verða afhent frá kl. 15:30 á fundardegi.

Reykjavík, 5. mars 2026,

Stjórn Nova Klúbbsins hf.